

Fræðsla við
fyrstu komu



BLÓÐBANKINN
www.blodbankinn.is

Snorrabraut 60 S. 543 5500

Akureyri S. 824 2423

VIÐ ÞÖKKUM ÞÉR FYRIR AÐ KOMA Í BLÓÐBANKANN

Við fyrstu komu eru tekin eftirfarandi blóðsýni:

- 🔴 Blóðflokkun og rauðkornamótefnaskimun
- 🔴 Almenn blóðrannsókn
- 🔴 Járnbergðamæling
- 🔴 HIV, sýfilis og lifrabólga B og C

Farið er yfir heilsufarssögu, blóðþrýstingur og púls mældur. Eftir 2-3 vikur mátt þú koma og gefa blóð. Einungis er haft samband ef niðurstöður blóðrannsókna hafa ekki verið í lagi. Ef það vantar blóð í þínum blóðflokki færðu sent sms.

ÞEGAR ÞÚ KEMUR AÐ GEFA BLÓÐ ER MIKILVÆGT AÐ:

- 🔴 Vera heil/heill heilsu og úthvöld/-ur.
- 🔴 Hafa borðað og drukkíð vel 1-2 klst. fyrir blóðgjöf.
- 🔴 Sjálf blóðgjöfin tekur 5-8 mínútur en heimsóknin í heild 30-40 mínútur.
- 🔴 Eftir blóðgjöfina er öllum ráðlagt að fá sér hressingu í kaffistofunni.
- 🔴 Ekki er ráðlagt að fara í líkamsrækt eða sund sama dag gefið er blóð.

Konur mega gefa blóð á fjögurra mánaða fresti.

Karlar mega gefa blóð á þriggja mánaða fresti.

Upplýsingar varðandi persónuvernd sjá www.blodbankinn.is